



Námsáætlun

LÍFF3le05 vor 2021

Kennari: Guðbjörg Guðjónsdóttir guðbjorgg@fg.is

Kennslugögn: Inquiry into Life, 16. útgáfa. Sylvia S. Mader og Michael Windelspecht. Glærur og aukaefni á Innu.

Námsáætlun er áætlun og getur breyst.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni/Annað
1. 24.-26.2.	Kynning 16. kafli Þvagkerfið	Verkefni um nýra og þvagmyndun
2. 1.-5.3.	16. kafli Þvagkerfið 17. kafli Taugakerfið	Taugaviðbrögð
3. 8.-12.3.	17. kafli Taugakerfið	Úrsagnaeindagi 9. mars
4. 15.-19.3.	18. kafli Skynjun, sjón	1. próf Námsmatsdagur 19. mars
5. 22.-26.3.	18. kafli Sjón, heyrn, annað skyn	Miðannarmat Skynjunartilraun
29.3. - 6.4.	Páskafri	
6. 7.-9.4.	19. kafli Vöðvar og bein	Miðannarmat
7. 12.-16.4.	20. kafli Innkirtlakerfið	2. próf
8. 19.-23.4.	20 kafli innkirtlakerfið	22.4. Sumardagurinn fyrsti.
9. 26.-30.4.	21. kafli Æxlunarkerfið 22. kafli Meðganga og fósturþroskun	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 3.-7.5.	22. kafli Meðganga og fósturþroskun	Yfirlitspróf 6. maí
11. 10.-14.5.	Lokaverkefni	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18.5.	Lokaverkefni	

Sjúkrapróf fyrir yfirlitsprófið verður 21. maí.

Námsmat skiptist á eftirfarandi hátt:

Próf 50%:

2 kaflapróf 30% (15% hvort)

Yfirlitspróf í lok annar 20%

Verkefni 35%

2 skýrslur 15% (7,5% hvor)

Kannanir og verkefni 10%

Lokaverkefni 10%

Ástundun, heimavinna og vinna í tímum 15%.



Til að nemandi standist áfangann þarf vegið meðaltal prófa að vera a.m.k. 4,5 og lokaeinkunn 5,0. Einkunnir fyrir verkefni og ástundun reiknast ekki með í lokaeinkunn ef meðaltal prófa er undir 4,5.

Próf og verkefni.

Á önninni verða 3 próf. Tvö kaflapróf sem gilda 15% hvort og yfirlitspróf sem gildir 20% sem verður 6.maí. Ef nemandi kemst ekki í próf vegna veikinda eða annarra lögmætra forfalla ber honum að tilkynna það samdægurs á skrifstofu skólans og fær hann þá að taka sjúkrapróf næsta námsmatsdag. Vegið meðaltal þessara þriggja prófa þarf að vera a.m.k. 4,5 til þess að ná áfanganum. Ef það næst ekki koma aðrar einkunnir ekki inn í lokaeinkunn þ.e. lokaeinkunnin verður eingöngu byggð á prófseinkunnum.

Skyldumæting er í verklegar æfingar. Verkefnum skal skilað fyrir auglýstan skilafrest sem birtur er í Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast í þrjá daga. Eftir það er ekki tekið við verkefninu og nemandi fær einkunnina 0. Sum verkefni eru tímaverkefni og þeim skal skilað í lok kennslustundar. Ekki er tekið á móti verkefnum í tölvupósti.

Smiðja:

Nemandi sem er veikur í verklegum tíma getur mætt í næstu smiðju og fengið að vinna verkefnið.

Nemendur eru einnig hvattir til að mæta í smiðju til að ljúka verkefnum og njóta leiðsagnar kennara.

Ritstuldur.

Reglur um ritstuld gilda. Ef nemandi verður uppvís að ritstuldi fær hann 0 fyrir verkefnið.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu, verkefnaskilum og að afla sér upplýsinga um það sem gerist í þeim kennslustundum sem þeir missa af.

Lýsing:

Líff3le05 er seinni áfangi af tveimur sem fjalla lífeðlisfræði og hefur megináherslu á lífeðlisfræði mannsins. Í honum er fjallað um innkirtlakerfi, taugakerfi og skynjun, þveitiskerfi, lifur, efnaskipti, stoð- og hreyfikerfi og æxlunarkerfið.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- byggingu og starfsemi ofantaldra líffærakerfa og líffæra.
- samhæfingu og stjórn líffærakerfa.

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- gera einfaldar tilraunir og athuganir og gera grein fyrir þeim.
- leita sér áreiðanlegra heimilda á netinu og nýta þær til að skrifa ritgerð.
- fjalla um líffræðileg efni og nota til þess rétt líffræðileg heiti og hugtök

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera einfaldar mælingar á líkamsstarfsemi og draga ályktanir af þeim í máli og myndum.
- lesa flókna líffræðitexta á íslensku.
- lesa líffræðitexta á ensku.
- afla sér frekari kunnáttu í líffræði á æðri skólastigum.
- leita að áreiðanlegum heimildum á netinu og nýta þær til að leysa verkefni eða skrifa heimildaritgerð.